



**Aðalfundur Samfés 27.-28.apríl 2017.**

## **Lagabreytingatillögur**

Stjórn Samfés bárust þrjár lagabreytingatillögur a.m.k. 15 dögum fyrir aðalfund eins og lög Samfés gera ráð fyrir. Við lagabreytingar á aðalfundi þarf að minnsta kosti 3/5 greiddra atkvæða fundarmanna til þess að breyting sé löglega samþykkt.

### **Frá stjórn Samfés**

1. Heiti samtakanna á íslensku
2. Heiti samtakanna á ensku

### **Frá Óla Erni Atlasyni í Fönix**

3. Vegna kjörtímabils stjórnar Samfés



## 1. Lagabreytingatillaga frá stjórn Samfés vegna heiti samtakanna.

Með tilkomu ungmennahúsa sem aðildarfélagar Samfés telur stjórn Samfés rétt að uppfæra nafn samtakanna.

1. gr. fyrir

Heiti samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi er Samfés. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík.

1. gr. eftir

Heiti **samtakanna er Samfés - samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi**. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva **og ungmennahúsa** á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík.



## 2. Lagabreytingatillaga frá stjórn Samfés vegna heiti samtakanna á ensku

Samstarf og samskipti við erlend samtök m.a. í gegnum ECYC og styrkt verkefni hefur aukist verulega á síðustu árum. Stjórn Samfés hefur hingað til notað heitið „National confederation of youth clubs in Iceland“ og „ National confederation of youth clubs and youth houses in Iceland“. Með þessari tillögu vill stjórn Samfés festa sameiginlega notkun á ensku heiti Samfés. Hér er um viðbót við 1. gr. að ræða.

1. gr. eftir

Heiti samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi er Samfés. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík. **Á ensku heita samtökin Youth work Iceland.**

1. gr. eftir

Heiti samtakanna er Samfés -samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík. **Á ensku heita samtökin Youth Work Iceland.**



### 3. Lagabreytingatillaga frá Óla Erni vegna kjörtímabils stjórnar Samfés

Þessi lagabreyting er hugsuð til að stjórnarskipti Samfés séu ekki eins ör og raun ber vitni. Eins og lögin eru núna þá getur stjórnin öll endurnýjast á hverju ári fyrir utan gjaldkera eða formann sem sitja tvö ár í senn. Hvers vegna eru þær stöður eitthvað frábrugðnar meðstjórnendastöðum? Samfés þarf fólk sem er tilbúið til að skuldbinda sig í að vinna fyrir samtökin og 2 ára stjórnarseta á ekki að fæla fólk frá því að bjóða sig fram til stjórnar. Fólk getur sagt sig úr stjórn fyrir aðalfund hverju sinni þó það sé bara búið að sitja í eitt ár.

Hjá stjórnnum samtaka í kringum okkur sem við vinnum með eru stjórnarmenn kosnir til tveggja ára: Ungdom og fritid, Ungdomsríngen, Fritidsforum, Youth Work Ireland o.fl.

Aukin samfella í stjórnarsamstarfinu á milli ára, vinna að nýjum verkefnum og geta gert það þó svo að það taki lengri tíma en ár – ekki allir nýir

Minna álag á framkvæmdastjóra að undirbúa og kenna nýrri stjórn vinnubrögð í tengslum við fundi, viðburði o.s.frv.

Eftir þennan aðalfund þar sem hugsanlega öll stjórnin endurnýjast fyrir utan gjaldkera þá gæti verið fjölbreyttari rótering á stjórnarfólki en í versta falli gæti hugsanlega öll stjórn endurnýjast að nýju eftir 2 ár (sem er nákvæmlega ekki neitt verra en ef hún endurnýjast öll á næsta ári).

7. gr. fyrir

[...]

Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar sem hafa seturétt á aðalfundi skv. 4. grein laga samtakanna.

7. gr. eftir

[...]

Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar sem hafa seturétt á aðalfundi skv. 4. grein laga samtakanna. **Heimilt er að bjóða sig fram til tveggja ára setu í stjórn við framboð í aðalstjórn.**